

ÁSKORANIR TIL STJÓRNAR BÍS

FRÁ UNGMENNAPINGI 2025



ÁSKORUN 1

BÍS haldi 5 sameiginlega viðburði fyrir rekka- og róverskáta á ári

Rök: Það er mjög algengt að rekka- og róverskátar sinni foringjastörfum og fái takmarkað starf sem miðar að því að þau séu þátttakendur.

Tillaga að útfærslu: Stofnaður verði hópur innanbæjar til að halda utan um viðburðina. Hugað verði að lágmarks kostnaði fyrir þátttakendur og bjóða rekka- og róverskátum að aðstoða við skipulag viðburðanna.

ÁSKORUN 2

BÍS safnar saman algöngum skátasöngvum og býr til rafræna söngbók

Rök: Skátasöngvar breytast reglulega, nýjir koma og aðrir fara. Vöntun er á nútíma söngbók.

Tillaga að útfærslu: Safnað verði saman 50-100 algengustu skátasöngum, helst ásamt gítarhljómunum, og útbúin verði bók. Bókin verði á rafrænu formi með kafla á borð við *gömul lög*, *ný log* og *félagssöngvar* svo hægt sé að prenta út einstaka lög eftir þörfum.

ÁSKORUN 3

BÍS heldur að minnsta kosti 2 viðburði á vestur- eða norðurlandi á hverju ári

Rök: Bæta ferðaleiðir fyrir skáta sem búa utan höfuðborgarsvæðisins og auka þátttöku þeirra á viðburðum.

Tillaga að útfærslu: Skátaskólinn haldi 1 viðburð á ári á vestur- eða norðurlandi. Skátamiðstöðin verður í sambandi við Strætó um að skátar fá frítt á skátaviðburði þegar látið er vita fyrirfram. Treyst er á að hinn viðburðurinn verði haldinn af sjálfstæðum hópi skáta með auknum áhuga á viðburðarhaldi.

ÁSKORUN 4

BÍS býr til dökkbláan frakka sem hluta af skátabúningnum

Rök: Sum skátafélög eiga í vandræðum með hvar á að setja færnimerkin sín.

Tillaga að útfærslu: BÍS hefur sölu á dökkbláum frakka sem hægt er að setja merkin á sem viðbót við skátabúninginn. Frakkinn væri ekki eins formlegur og hátíðarbúningur og væri hentugur til notkunar á viðburðum.

